



Ársskýrsla 2019

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
A) Nemendur	2
B) Nám	5
C) Starfsfólk, kennsla og stjórnun	9
D) Mat.....	10
E) Fjármál – rekstur FVA.....	14
F) Samstarf við aðra	15
G) Prófið FVA.....	16



Inngangur

Ársskýrsla um starfsemi FVA 2019 er skrifuð við óvenjulegar aðstæður að þessu sinni þar sem þáverandi skólameistari er ekki lengur í stafni. Nýr skólameistari hóf störf í janúar 2020. Nú eru lagðar nýjar línur og komið annað mark á skýrsluna en áður hefur verið. Vissulega er allt tínt til sem þar á að vera enda með eindæmum gott starfsfólk í FVA sem gjörþekkir starfsemi skólans. Einkum er lögð áhersla á að hafa tölfræðiupplýsingar eins skýrar og aðgengilegar og framast er unnt.

Árið 2019 var erfitt ár fyrir FVA. Frétt næmt þótti að þá hafði safnast mikið fé á vörslureikning skólans en þrátt fyrir það tókst ekki að semja við kennara um launaröðun í stofnanasamningi. Kennarar lýstu þá vantrausti á skólameistara. Varð af þessu nokkuð fjaðrafok og fjölmiðlaumfjöllun sem var ekki jákvæð fyrir skólann.

Annað var að ólík túlkun ráðherra og þáverandi skólameistara á hvernig ætti að standa að því að auglýsa embættið laust til umsóknar endaði fyrir dómstólum.

Í lok árs 2019 skerti fjármála- og efnahagsráðuneytið innistæðu FVA á viðskiptareikningi við Ríkissjóð um 155 milljónir króna og af ónýttum fjárheimildum ársins voru 56,8 milljónir færðar í varasjóð hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Lítið stóð þá eftir af uppsöfnuðum auði.

Þrátt fyrir andstreymi ætla FVA sér góða hluti í framtíðinni í friði og sátt við starfsfólk og nærumhverfi. Áskoranir eru margar og verkefnið næg. Við hlökkum til að takast á við þau með bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi.


A) Nemendur

Á vorönn 2019 var 471 nemandi í námi við skólann og í upphafi annar á haustönn 2019 var 481 nemandi skráður í skólann.

1. Samsetning nemenda í dagskóla og í dreifnámi á árinu 2019, miðað við fjölda og kyn:

Vorönn 2019	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfjölda	Konur	Hlutfall kvk af heildarfjölda	Heildarfjöldi
Dagskóli vorönn	227	58,81%	159	41,19%	386
Dreifnám vorönn	49	57,65%	36	42,35%	85
Samtals	276	58,60%	195	41,40%	471

Haustönn 2019	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfjölda	Konur	Hlutfall kvk af heildarfjölda	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	229	56,68%	175	43,32%	404
Dreifnám haustönn	42	54,55%	35	45,45%	77
Samtals	271	56,34%	210	43,66%	481



2. Þróun nemendafjölda

Í töflunni er yfirlit yfir fjölda nemenda í dagskóla frá haustönn 2016:

H - 2016	V - 2017	H - 2017	V - 2018	H - 2018	V - 2019	H - 2019
437	367	433	384	434	386	404


Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir 2019 voru 449. Á árinu 2019 skilaði skólinn 444 ársnemendum.

3. Hlutfall nemenda eftir búsetu

Í hópi nemenda á haustönn 2019 voru karlar/piltar 271 en konur/stúlkur 210 eða samtals 481 nemandi. Um 80% þeirra voru frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og um 20% annars staðar að. Á vorönn var breytingin óveruleg, sjá nánar í töflu sem sýnir hlutfall nemenda eftir búsetu, bæði á haustönn og vorönn 2019:

Lögheimili	Haustönn 2019	Vorönn 2019
Akranes	74%	74%
Hvalfjarðarsveit	6%	5%
Borgarnes og Borgarfjörður	6%	7%
Aðrir staðir á Vesturlandi	6%	5%
Utan Vesturlands	8%	9%
Samtals	100%	100%

Hér eru árlegar hlutfallstölur búsetu nemenda síðastliðin fimm ár, settar fram í einni mynd:





4. Samsetning nemenda eftir aldri og kyni

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á vorönn 2019					Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á haustönn 2019						
Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls	Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls
	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám			Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	
1970 og fyrr		5		4	9	1970 og fyrr		3		4	7
1971 - 1980		10		6	16	1971 - 1980	1	6		5	12
1981 - 1990	5	20		16	41	1981 - 1990	3	16	1	16	36
1991	1				1	1991					0
1992		3		2	5	1992		2		2	4
1993		4		7	11	1993		4		6	10
1994	1	1	1		3	1994	1	2			3
1995	2	1	3		6	1995	1	4			5
1996	3	5	3		11	1996		5	2	1	8
1997	5		2		7	1997	4		1		5
1998	11		3		14	1998	7		3		10
1999	28		8	1	37	1999	11		5	1	17
2000	41		46		87	2000	31		21		52
2001	64		46		110	2001	59		43		102
2002	65		46		111	2002	63		45		108
2003	1		1		2	2003	47		54		101
						2004	1				1
Samtals	227	49	159	36	471	Samtals	229	42	175	35	481

Vorönn 2019

16-19 ára, fjöldi samtals 310 nemendur, 66% af heildarfjölda
20-24 ára, fjöldi samtals 75 nemendur, 16% af heildarfjölda
25 ára +, fjöldi samtals 86 nemendur, 18% af heildarfjölda

Haustönn 2019

16-19 ára, fjöldi samtals 312 nemendur, 65% af heildarfjölda
20-24 ára, fjöldi samtals 92 nemendur, 19% af heildarfjölda
25 ára +, fjöldi samtals 77 nemendur, 16% af heildarfjölda

5. Brottfall og námsárangur

Brottfall nemenda á vorönn 2019 var 4,5% eininga sem er meira en á vorönn 2018 en það skýrist af auknu eftirliti með viðveru nemenda og breyttu vinnulagi við framfylgd skólasóknarreglna. Meðaleinkunn í skólanum var 6,9 og fallprósenta 15,5%.

Brottfall nemenda á haustönn 2019 var 6,4% sem er meira en á haustönn 2018 en það skýrist af auknu eftirliti með viðveru nemenda og breyttu vinnulagi við framfylgd skólasóknarreglna. Meðaleinkunn í skólanum var 6,9 og fallprósenta 14%.

Eitt af markmiðum skólans er að draga úr brottfalli úr námi. Í þeim tilgangi var stoðþjónusta eflað á árinu 2019 til að huga sérstaklega að líðan nemenda og veita stuðning í náminu. Þjónustunni sinntu náms- og starfsráðgjafar í 1,25 stöðugildi og geðhjúkrunarfræðingur í 25% starfshlutfalli í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Námsver var opið að hluta til sem lesstofa og veitt var námsaðstoð þrjá tíma á viku, þar sem nemendur gátu fengið leiðsögn kennara og samnemenda (jafningjafræðsla) við námið. Þá má nefna sérstakan stuðningsáfanga fyrir nemendur með annað móðurmál (ÍSAN). Endurskoðun á þessum stuðningsáfangi er í endurskoðun.



B) Nám

1. Skólanámskrá

Sextánda útgáfa skólanámskrár FVA er frá því í ágúst 2019. Þar er fjallað um skólastarfið almennt, námsframboð, kennsluhætti og reglur, þjónustu o.fl.

[Skólanámskrá \(pdf\)](#)

2. Námsframboð

Námsframboð á árinu 2019 var miðað við ungt fólk sem mætir í skóla á dagvinnutíma. Þetta á þó ekki við um sjúkraliðabraut þar sem kennsla var sniðin að þörfum fullorðinna sem stunduðu nám með vinnu. Þá var á málmiðnabrautum (MG og VS8) og í húsasmíði (HÚ8 og HÚS) bæði boðið upp á kennslu á dagvinnutíma og utan hans fyrir fullorðna nemendur sem stunda nám með vinnu (dreifnám).

Í töflu er yfirlit um námsframboð hjá FVA á árinu 2019. Á heimasíðu eru aðgengilegar frekari upplýsingar um [Námsframboð](#) og [Brautalýsingar](#):

Námsframboð	Brautir á vorönn 2019	Brautir á haustönn 2019
Almennt nám	Framhaldsskólabraut (FRH)	Framhaldsskólabraut (FRH)
Nám til stúdentsprófs	Félagsfræðabraut (FÉL)	Félagsfræðabraut (FÉL)
	Náttúrufræðabraut (NÁT)	Náttúrufræðabraut (NÁT)
	Opin stúdentsbraut (OS)	Opin stúdentsbraut (OS)
	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)
Iðnnám	Grunnnám rafiðna (GR)	Grunnnám rafiðna (GR)
	Námsbraut í rafvirkjun (RK8)	Námsbraut í rafvirkjun (RK8)
	Námsbraut í rafvirkjun (RK9)	Námsbraut í rafvirkjun (RK9)
	-	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)*
	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)
	Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8)	Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8)
	Grunnnám málmíðna (MG)	Grunnnám málmíðna (MG)
	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)
	Grunnnám bíliðngreina (GB)	Grunnnám bíliðngreina (GB)
Starfstengt nám annað en iðnnám	Sjúkraliðabraut (SJ)	Sjúkraliðabraut (SJ)
	Sjúkraliðabraut (SJÚ)	Sjúkraliðabraut (SJÚ)
Nám fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar raskanir	Starfsbraut (ST4)	Starfsbraut (ST4)
Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann	Ótilgreint nám (ÓTN)	Ótilgreint nám (ÓTN)

*Ný námsbraut haust 2019




Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

3. Skipting nemenda á námsbrautir

Nemendur á haustönn 2019, samtals 481, skiptust þannig á námsbrautir:

Haustönn 2019							Hlutfall af samtals heildarfj.
Námsbrautir	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi	
Framhaldsskólabraut	FRH	19	70,37%	8	29,63%	27	5,61%
Almennt nám alls						27	5,61%
Félagsfræðabraut	FÉL	18	30,00%	42	70,00%	60	12,47%
Náttúrufræðabraut	NÁT	28	34,15%	54	65,85%	82	17,05%
Opin stúdentsbraut	OS	43	42,16%	59	57,84%	102	21,21%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	0	0,00%	2	100,00%	2	0,42%
Nám til stúdentsprófs alls						246	51,14%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	8	88,89%	1	11,11%	9	1,87%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	2	100,00%		0,00%	2	0,42%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	46	95,83%	2	4,17%	48	9,98%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	44	91,67%	4	8,33%	48	9,98%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	1	100,00%		0,00%	1	0,21%
Grunnám málmíðna	MG	17	100,00%		0,00%	17	3,53%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	27	93,10%	2	6,90%	29	6,03%
Iðnnám alls						154	32,02%
Sjúkraliðabraut	SJÚ	1	33,33%	2	66,67%	3	0,62%
Sjúkraliðabraut	SJ		0,00%	28	100,00%	28	5,82%
Sjúkraliðabrautir alls						31	6,44%
Ótilgreint nám	ÓTN		0,00%	1	100,00%	1	0,21%
Ótilgreint nám alls						1	0,21%
Starfsbraut	ST4	17	77,27%	5	22,73%	22	4,57%
Starfsbraut alls						22	4,57%
Samtals						481	100%






Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi


Nemendur á vorönn 2019, samtals 471, skiptust þannig á námsbrautir:

Vorönn 2019							
Námsbrautir	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Framhaldsskólabraut	FRH	15	62,50%	9	37,50%	24	5,10%
Almennt nám alls						24	5,10%
Félagsfræðabraut	FÉL	20	40,82%	29	59,18%	49	10,40%
Náttúrufræðabraut	NÁT	30	34,48%	57	65,52%	87	18,47%
Opin stúdentsbraut	OS	41	45,56%	49	54,44%	90	19,11%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	11	84,62%	2	15,38%	13	2,76%
Nám til stúdentsprófs alls		102	42,68%	137	57,32%	239	50,74%
Grunndeild rafiðngreina	GR	35	100,00%	0	0,00%	35	7,43%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	11	91,67%	1	8,33%	12	2,55%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	2	100,00%	0	0,00%	2	0,42%
Námsbraut í húsgagnsmíði	HS8	1	100,00%	0	0,00%	1	0,21%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	34	87,18%	5	12,82%	39	8,28%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	5	71,43%	2	28,57%	7	1,49%
Grunnnám málmíðna	MG	21	95,45%	1	4,55%	22	4,67%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	31	88,57%	4	11,43%	35	7,43%
Iðnnám alls		140	91,50%	13	8,50%	153	32,48%
Sjúkraliðabraut	SJÚ	1	3,33%	29	96,67%	30	6,37%
Sjúkraliðabraut alls						30	6,37%
Ótilgreint nám	ÓTN	3	75,00%	1	25,00%	4	0,85%
Ótilgreint nám alls						4	0,85%
Starfsbraut	ST4	15	68,18%	6	27,27%	21	4,46%
Starfsbraut alls						21	4,46%
Samtals						471	100%





Nemendur á ársgrundvelli (meðaltal nemenda beggja anna 476), skipting á námsbrautir eftir kyni:



4. Brautskráning

Brautskráningarathöfn á haustönn 2019 var þann 20. desember og voru 65 nemendum brautskráðir. Brautskráningarathöfn á vorönn 2019 var þann 25. maí og voru 73 nemendur brautskráðir.

Á árinu 2019 voru því samtals 138 nemendur brautskráðir frá skólanum. Sex nemendur úr þessum hópi voru brautskráðir frá tveimur brautum og brautskráningar því samtals 144.

Yfirlit yfir brautskráningar á vorönn 2019 og haustönn 2019:

Brautskráningar frá FVA	Vorönn 2019		Haustönn 2019		Árið 2019
	kk	kvk	kk	kvk	kk/kvk
Stúdentspróf	12	27	8	17	64
Burtfararpróf af iðnbraut	15	3	19	1	38
Burtfararpróf af starfsbraut		1			1
Burtfararpróf af sjúkraliðabraut				18	18
Lokið viðbótarnámi eftir nám af iðnbraut eða sjúkraliðanám	11	3	3	2	19
Lokið stúdentsprófi og burtfararpr. af iðnbraut eða sjúkraliðanám	2		2		4
Samtals	40	34	32	38	144
Samtals hvor önn	74		70		144



Skólastarfið 2019 var með hefðbundnum hætti. Annálar eru aðgengilegir á heimasíðu FVA:

[Annáll skólastarfsins vorið 2019](#)

[Annáll skólastarfsins haustið 2019](#)

C) Starfsfólk, kennsla og stjórnun

Fjöldi kennara og annars starfsfólks

Kennarar voru samtals 44 (36,68 stöðugildi) á vorönn 2019 en 49 (40,07 stöðugildi) á haustönn 2019. Einn kennari var í námsorlofi á hvorri önn.

Kyn	Vorönn 2019			Haustönn 2019		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	23	52,27%	19,38	23	46,94%	21,32
Konur	21	47,73%	17,3	26	53,06%	18,75
Heildarfj.	44		36,68	49		40,07

*Þar af var einn starfsmaður í námsleyfi á hvorri önn

Starfsfólk annað en kennarar var samtals 22 (16,43 stöðugildi) á vorönn 2019 og 23 (17,18 stöðugildi) á haustönn 2019. Einn starfsmaður var í námsorlofi á haustönninni. Einn stjórnandi sinni starfi sínu frá Kaupmannahöfn á árinu.

Kyn	Vorönn 2019			Haustönn 2019		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	2	9,09%	1,5	2	8,70%	1,5
Konur	20	90,91%	14,93	21	91,30%	15,68
Heildarfj.	22		16,43	23		17,18

*Þar af var einn starfsmaður í námsleyfi á haustönn

Aldur og menntun kennara

Aldursdreifing kennara, karla og kvenna, í fullu starfi og í hlutastarfi var eftirfarandi:

Aldur í árum	Vorönn 2019					Heild kk/kvk	Haustönn 2019					Heild kk/kvk
	Í fullu starfi		Í hlutastarfi				Í fullu starfi		Í hlutastarfi			
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		Karlar	Konur	Karlar	Konur			
20 - 29	2	0	0	0	2	4	0	0	1	5		
30 - 39	0	3	4	3	10	1	3	1	2	7		
40 - 49	2	4	1	4	11	2	5	0	5	12		
50 - 59	7	3	0	1	11	8	1	0	4	13		
60 - 69	5	3	2	0	10	5	4	2	1	12		
Samtals	16	13	7	8	44	20	13	3	13	49		

Meðalaldur kennara á vorönn 2019 var tæp 49 ár en rúm 49 ár á haustönn 2019



Menntun kennara: Á ársgrundvelli var 31 kennari í fullu starfi og voru allir utan fjórir með kennsluréttindi og menntun í kennslugrein. Á ársgrundvelli í hlutastarfi voru 15 kennarar í hlutastarfi og meiri hluti (10) þeirra með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum:

Vorönn 2019						Haustönn 2019					
Menntun	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk	Menntun	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	Karlar	Konur	Karlar	Konur			Karlar	Konur	Karlar	Konur	
MA/MS/PhD+UK	4	8	2	2	16	MA/MS/PhD+UK	6	7	0	2	15
BA/BS+UK	3	4	1	4	12	BA/BS+UK	3	5	1	6	15
BA/BS	1	1	0	2	4	BA/BS	2	1	0	5	8
Iðnmeistari+UK	7	0	1	0	8	Iðnmeistari+UK	7	0	0	0	7
Iðnmeistari	1	0	2	0	3	Iðnmeistari	2	0	1	0	3
Sveinspróf	0	0	1	0	1	Sveinspróf	0	0	1	0	1
Samtals	16	13	7	8	44	Samtals	20	13	3	13	49

Stjórnendateymi skólans 2019 skipuðu skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og gæðastjóri/verkefnastjóri mannauðsmála. Samtals níu deildarstjórar störfuðu á árinu, 5 karlar og 4 konur sem héldu utan um eftirfarandi verkefni/námssgreinar:

Verkefni/námssgreinar deildarstjóra	
Starfsbraut	Tréiðngreinar
Málmiðngreinar	Tungumál
Rafiðngreinar	Íslenska, saga
Stærðfræði, tölvufræði, viðskiptagreinar	Raungreinar, heilbrigðisgreinar
Samfélagsgreinar og íþróttir	-

Kennsluhættir og námsmat

Í skólanámskrá FVA, [kafla 2.3](#), er fjallað um námsmat, miðannamat, verkefnaskil og prófreglur.

FVA starfar samkvæmt áfangakerfi. Skólaárið samanstendur af tveimur jafngildum önnum sem lýkur með námsmati. Miðað er við að ljúka stúdentsprófi á þremur árum og verknámi á þremur og hálfu til fjórum árum. Nemendur velja sjálfir áfanga á hverri önn í INNU í samráði við áfangastjóra og námsráðgjafa. Nemendur hafa aðgang að kennsluáætlun, stundatöflu og bókalista í INNU. Kennslustundir eru 55 mínútur.

Leitast er við að hafa námsmat í öllum áföngum fjölbreytt þar sem ólíkum matsaðferðum er beitt. Um miðja önn fer fram leiðbeinandi miðannamat og í lok annar eru tíu námsmatsdagar þar sem blandast saman símat, leiðsagnamat og lokapróf.

D) Mat

Kennslukönnun fer fram á hverri önn. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma á framfæri mati sínu á kennslu og námi. Niðurstöður eru nýttar til umbóta. Umfjöllun um niðurstöður og mat eru birtar í [skýrslum um innra mat](#) á heimasíðu skólans.

Framhaldsskólapúlsinn er árleg, samræmd könnun á meðal framhaldsskólanema þar sem þátttökuskólunum er gert mögulegt að meta stöðu og árangur af þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. FVA tók ekki þátt í könnuninni árið 2019.



Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

Innra mat er framkvæmt árlega. Aðstoðarskólameistari er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd. Skýrslu yfir niðurstöður er skilað til ráðuneytisins. Markmið með matinu er að veita upplýsingar um starfshætti skólans og árangur, stuðla að umbótum og vera liður í skólaþróun. Jafnframt er það verkfæri til að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá og að réttindi nemenda séu virt samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr. laga nr. 92/2008 með síðari breytingum). Niðurstöður innra mats eru birtar í [skýrslum um innra mat](#) á vef skólans.

Þjónustukönnun þar sem starfsfólk, nemendur og forráðamenn meta skilgreinda þjónustupætti hjá skólanum, er gerð annað hvert ár, næst 2020. Niðurstöður eru birtar í [skýrslum um innra mat](#) á vef skólans.

Starfsumhverfiskönnun ríkisins, Sameykis o.fl. sem Gallup sér um er lögð fyrir árlega og niðurstöður birtar í [skýrslum um innra mat](#) á vef skólans.

Ytra mat fer fram á nokkurra ára fresti, þ.e. úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á því að framhaldsskólar uppfylli skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Síðasta úttekt á FVA fór fram árið 2017. Skýrsla yfir [niðurstöður ytra mats](#) eru birtar á vef skólans.

Niðurstöður kannana, mat á þeim og metinn árangur áætla og settra markmið er nýttur til umbótaverkefna.

Markmið

Í [ársskýrslu FVA fyrir árið 2018](#) má nálgast stefnumiðaða áætlun FVA til þriggja ára í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (stefna ríkisaðila í A-hluta). Unnið hefur verið eftir henni frá 2017. Í áætlun FVA koma fram sett markmið og mælikvarðar sem eru lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi fyrir starfsemina og ráðstöfun fjármuna í völdum þáttum. Skólameistari ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin samræmist stefnu málaflöksins.

Markmið FVA, mælikvarðar og árangur:

1. Efla fjölbreytt og gott bók-, list- og starfsnám (kjarnastarfsemi). Mælikvarðar og árangur:

- Aðstaða til verknáms uppfylli kröfur atvinnulífsins: Til stóð að setja á fót rýnihóp með kennurum, nemendum og fulltrúum atvinnulífsins á árinu 2019 en það náðist ekki.
- Hlutfall nýnema sem sækir um nám í verk- og starfsnámi; Viðmið fyrir árangur var 26%: Á árinu 2019 náðist 100% árangur.

Í tengslum við framangreind markmið var gert ráð fyrir endurnýjun á tækjabúnaði á árinu 2019 fyrir 20 m.kr. Fjármagn til endurnýjunar á tækjabúnaði var hins vegar 8,6 m.kr. á árinu 2019.

- Bjóða upp á fjölbreytt listnám/nýsköpun/frumkvöðlamennt: Mikill áhugi er á að bjóða upp á fjölbreytt listnám/nýsköpun/frumkvöðlamennt og var lagður grunnur að því á haustönn 2019 með því að bjóða upp á valáfanga í myndlist.

2. Gæði náms og kennslu fá aukið vægi og stuðning í starfi skólans (kjarnastarfsemi). Mælikvarðar og árangur:

- Fjöldi stefna varðandi nemendur, námsframboð, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannamál og fjármál; Viðmið fyrir árangur var að á árinu lægju fyrir 8 stefnur á heimasíðu og 80 skjöl í gæðahandbók: Markmiðinu var náð hvað varðar stefnur og áætlanir en innleiðingu gæðahandbókar var frestað til haustsins 2020 vegna anna við innleiðingu á jafnlaunakerfi, persónuverndarstefnu og málaskrárkerfi á árinu 2019.
- Fjöldi fjölbreyttra gagna þar sem lögð er áhersla á þátttöku starfsfólks, nemenda og hagsmunaaðila; Viðmið fyrir árangur var að til viðbótar við nýjar kannanir sem voru komnar á laggirnar og virkar á árinu 2019 yrði haldið áfram við að koma á rýnihópum hagsmunaaðila: Ekki náðist að koma á fót rýnihópum hagsmunaaðila á árinu 2019.

Á aðgerðalista var a) mótun heildstæðrar stefnu um nám og kennslu, tilbúin í lok 2020. Þessi aðgerð komst ekki til framkvæmda á árinu 2019 og b) gerð gæðahandbókar, tilbúin í lok 2020. Frumvinna hófst á árinu 2019 og var raunkostnaður í kringum 280 þúsund en var áætlaður 6 m.kr.



3. Minnka brotthvarf úr námi (kjarnastarfsemi). Mælikvarðar og árangur:

- Hlutfall nýnema sem ljúka fyrsta ári með a.m.k. 40 einingum: Staðan vorið 2018 var 82,9% sem var allnokkuð hærra hlutfall en haustið 2017 (66,4%); Viðmið fyrir 2019 var 77%. Árangurinn varð öllu betri þar sem í hópi nemenda sem hóf nám beint eftir 10. bekk á haustönn 2018 luku 83% nemenda í heildina a.m.k. 40 einingum á fyrsta skólaárinu.
- Hlutfall nemenda sem ljúka öðru ári með a.m.k. 80 einingum: Mælingar hófust vorið 2018 og var staðan þá 76%; Viðmið fyrir 2019 var sett 75%. Í hópi nemenda sem hófu nám beint eftir 10. bekk á haustönn 2017 og voru enn við nám við skólann á vorönn 2019 höfðu í heildina 92% lokið a.m.k. 80 einingum. Sett viðmið var því lægra en efni stóðu til.
- Hlutfall nemenda sem útskrifast á áætluðum námstíma (3 ár til stúdentsprófs): Mælingar hófust vorið 2018 og var staðan 43%; Viðmið fyrir 2019 var sett 42%. Markmiðinu var náð þar sem 44% þeirra sem hófu nám til stúdentsprófs á haustönn 2016 luku því á þremur árum.

Huga þarf vel að framangreindum mælikvörðum fyrir árið 2020 og til framtíðar. Rýna þarf allar tölur vel og greina brotthvarfshópinn hverju sinni, þar með talið er rétt að halda því til haga að hluti nemenda byrjar í bóklegu námi á fyrstu önn og flytur sig á iðnbraut síðar á námstímanum. Samhliða þarf að skoða kynjahlutföll í hópunum.

Á aðgerðalista var: a) Skimun fyrir brotthvarfi meðal nýnema, úrvinnsla og eftirfylgni, sem skyldi lokið 2021: Þetta komst ekki til framkvæmda á árinu 2019; b) Stuðningur við nemendur með annað móðurmál og nemendur með dyslexíu aukinn og skyldi lokið 2021, kostnaðarviðmið 2019 var 3.000.000: Á árinu 2019 var stuðningi við nemendur með annað móðurmál viðhaldið; styrkur til eflingar stuðningsþjónustu var nýttur til að náms- og starfsráðgjafi gæti sótt námskeið og til að setja upp aðstöðu til kennslu og stuðnings í Verinu þar sem nemendur geta sótt sér aðstoð í námi til viðbótar við hefðbundna kennslu. Kostnaður var í kringum 2,2 milljónir; c) Efla stoðþjónustu í samstarfi við bæjaryfirvöld og stjórnendur grunnskóla, o.fl. gegn fíkniefnanotkun og áhættu hegðun ungs fólks á Akranesi, sem skyldi lokið 2021, kostnaðarviðmið 2019 var 1.200.000: Þetta komst ekki framkvæmda á árinu. Skólinn er hins vegar þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og vinnur í gegnum það að heilbrigðum lífsstíl nemenda sem og með stuðningi náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings og félagslífsfulltrúa skólans.

4. Efling mannaúts (rekstrarþáttur). Mælikvarðar og árangur:

- Ánægja starfsmanna mæld í SFR könnun; Viðmið fyrir árangur 2019 var að einkunn í SFR könnun færi yfir 3,6. Niðurstaðan var einkunnin 3,47 og FVA þá nr. 81 af 82 stofnunum þar sem starfa 50 eða fleiri. [Niðurstöður könnunarinnar](#) í heild eru aðgengilegar á heimasíðu Sameykis. Þessi niðurstaða sýnir að það er nauðsynlegt að vinna markvisst að góðu starfsumhverfi hjá FVA á næstu misserum.
- Fjöldi starfsmannasamtala; Viðmið fyrir 2019 var að innleiða regluleg starfsmannasamtöl og eftirfylgni og að allt starfsfólk fengi starfsmannasamtal. Niðurstaðan var að langflestir starfsmenn eða um 90% þeirra fengu starfsmannasamtal á árinu.
- Fjöldi starfslýsinga og starfsþróunaráætlana; Viðmið fyrir 2019 var að hvort tveggja yrði endurskoðað á árinu: Meiri hluti starfslýsinga var endurskoðaður (bæði starfsmannasamtölum og í tengslum við innleiðingu jafnlaunakerfis) og um þriðjungur starfsþróunaráætlana var uppfærður í starfsmannasamtölum.

Á aðgerðalista var endurskoðun og breyting á skipuriti og skipulagi skólans (deildarstjórn/innkaup/ræsting) og skyldi henni lokið 2020, kostnaðarviðmið 2019 var 2.000.000. Ekki náðist að ljúka þessari aðgerð á árinu.

5. Faglegir starfshættir og stöðugar umbætur (rekstrarþáttur). Mælikvarðar og árangur:

- Hagnaður/tap af rekstri heimavistar án tillits til framlaga; Viðmið fyrir árið 2019 var að tap af rekstri heimavistar yrði ekki meira en sem nemur leigu á húsnæðinu (sá hluti sem FVA fær framlög fyrir frá MRN). Þetta tókst og vel það. Tekjur jukust á milli ára um ca 300 þúsund og það hefur með góða aðsókn að gera, en vistin var svo til fullsetin árið 2019. Launakostnaður dróst lítillega saman og almennur rekstrarkostnaður var einnig lægri en árið á undan. Almennt má segja að endurskoðun á rekstri heimavistar sé lokið. Búið er að endurnýja öll rúm, gera nýja setustofu og Ríkiseignir vinna við endurnýjun á baðherbergjum og íbúð vistarstjóra nú í maí 2020. Haldi



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

aðsókn í pláss á heimavist áfram eins og verið hefur er heimavistin rekstrarbær eining, svo framarlega sem framlag MRN hvað varðar húsnæðisliðiðinn haldist óskert.

- Innkaup á kennsluefni; Viðmið fyrir innkaupin árið 2019 var 10 milljónir. Raunkostnaður á árinu við innkaup á öllu kennsluefni varð rúmar 6 milljónir.
- Kostnaður vegna innleiðingar og gerðar skjalavistunaráætlunar; Viðmið fyrir árið 2019 var kr. 500 þús. en kostnaður var undir 100 þús. kr. á árinu. Innkaupaáætlun kennsluefnis er í notkun og ekki hefur fallið til sérstakur kostnaður vegna hennar. Skjalavistunarinleiðing er langt komin og hefur kostnaður verið undir 100 þúsund kr. á árinu 2019 (námskeið). Kaup á aðgangi að GoPro skjalavistunarkerfi er þó kominn til að vera.

Við setningu mælikvarða fyrir árið 2019 var ekki tekið tillit til kostnaðar sem myndi falla til vegna vottunar á jafnlaunakerfi ÍST 85:2012 sem lögum samkvæmt skyldi innleitt fyrir árslok 2019. Innleiðingarferlið hófst á árinu og gengið var til samninga við faggilta vottunarstofu: Heildarkostnaður vegna vottunarhrings (upphafsvottun og viðhalds-/eftirlitsúttektir) var áætlaður 680.000 kr. (án vsk). Þar af voru greiddar 390.000 kr. á árinu 2019. Vottunarúttekt á jafnlaunakerfi FVA var tímasett í byrjun árs 2020.

6. Bætt þjónusta við hagsmunaaðila (rekstrarþáttur)

- Hlutfall ánægðra með þjónustu skrifstofu; Viðmið fyrir 2019 var 97% sem var niðurstaða úr viðhorfskönnun nemenda, foreldra og starfsfólks 2018. Könnunin var ekki framkvæmd árinu 2019 en er á aðgerðalista fyrir árið 2020, í kjölfar endurskoðunar á skipulagi og þjónustu skrifstofu sem skal lokið 2020.
- Hlutfall þeirra sem hafa aðgang að Office 365; Viðmið fyrir 2019 var 100%. Þetta viðmið var uppfyllt á árinu, póstkferfið var flutt frá Gmail yfir í Microsoft Office 365, innleiðing á notkun Microsoft Office skýjalausn var kláruð og allir (nemendur og starfsfólk) hafa nú aðgang að Office 365 og Office pakkanum í skólanum.
- Fjöldi skrefa til Grænfána; Viðmið fyrir 2019 var að þeim sé 100% lokið. Þessum áfanga var náð og [fékk FVA afhentan Grænfánann í fyrsta sinn](#) árinu 2019. FVA er því á grænni grein í umhverfismálum ef svo má segja. Áætlaður kostnaður á árinu 2019 var í kringum 370 þúsund krónur.



E) Fjármál – rekstur FVA

	2019	2018
Aðrar rekstrartekjur	-5.076.000	-7.770.000
Samtals aðrar rekstrartekjur	-5.076.000	-7.770.000
Sértekjur	-32.244.344	-42.104.400
Samtals sértekjur	-32.244.344	-42.104.400
Dagvinna	368.838.164	350.326.994
Vaktaálag	1.909.176	1.849.019
Aukagreiðslur	14.590.244	4.060.809
Yfirvinna	65.762.328	61.994.176
Launatengd gjöld	105.458.919	99.504.342
Orlof	369	2.298.708
Samtals launagjöld	556.927.704	520.034.048
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	32	142.905
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	89	0
Fundir, námskeið og risna	1.581.417	816.976
Akstur	1.712.712	1.880.742
Samtals ferðir og fundir	3.415.113	2.840.623
Tímarit, blöð og bækur	1.060.025	1.520.523
Skrifstofuvörur og áhöld	3.494.191	3.177.266
Aðrar vörur	11.568.663	11.325.024
Samtals rekstrarvörur	16.122.879	16.022.813
Tölvu og kerfisfræðipjónusta	8.028.992	3.942.742
Önnur sérfræðipjónusta	11.576.906	13.085.890
Sími og ýmis leigugjöld	6.652.050	4.865.795
Prentun, póstur, augl., flutningar	1.081.422	1.506.866
Samtals aðkeypt þjónusta	27.339.370	23.401.293
Húsaleiga og aðk. ræsting	172.820.417	93.246.629
Rafmagn og heitt vatn	7.739.492	7.880.918
Verkkaup og byggingavörur	1.638.685	2.880.015
Fasteignagjöld og tryggingar	97	0
Samtals húsnæði	182.295.989	104.007.562
Verkstæði og varahlutir	1.825.258	926.320
Brensluefni og olíur	10	0
Samtals bifreiðar og vélar	1.835.564	926.320
Vextir, bætur, skattar	97	139.164
Afskriftir eigna	9.611.323	8.362.694
Samtals rekstrarkostnaður	9.708.294	8.501.858
Framlag ríkissjóðs	-762.076.361	-730.727.074
102 Framlag til afskrifta	-9.618.442	-8.367.313
Samtals framlag ríkissjóðs	-771.694.803	-739.094.387

Ársvelta á árinu 2019 var kr. 808,8 milljónir og afkoma um 11 millj. kr. samanborið við 113,2 milljónir á árinu 2018. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 84,9 milljónir í árslok og eignir samtals 341,2 milljónir.



Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi

Sértekjur skólans á árinu námu 37,3 millj. kr. samanborið við 49,3 millj. kr. á árinu 2018. Skýrist lækkun sértekna á einskiptisliðs frá árinu 2018, þar sem FVA fékk greiddar rúmar 10,6 milljónir frá MRN vegna þess að reglugerð sem heimilaði innheimtu á efnisgjöldum var felld úr gildi.

Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 771,7 millj. kr. árið 2019 samanborið við 739,1 millj. kr. á árinu 2018.

Heildargjöld skólans á árinu 2019 námu 798,0 millj. kr., en á árinu 2018 voru heildargjöldin 676,0 millj. kr. Til skýringa á þessum lið þá má nefna að húsaleiga FVA hækkaði um rúmlega 85 millj. króna á árinu vegna ákvörðunar Ríkiseigna um að stofnanir skyldu greiða svonefnda „markaðsleigu“ vegna leigu á fasteignum. Ríkiseignir eiga allar fasteignir sem FVA rekur starfsemi sína í.

Í árslok 2019 voru eignir samtals 341,2 millj. kr. og skuldir 256,3 millj. kr.

Síðastliðin ár hefur FVA safnað upp umtalsverðum fjármunum á viðskiptareikning við Ríkissjóð þar sem miklar hagræðingaraðgerðir hafa staðið yfir.

FVA hefur óskað eftir því að fá að halda þessari innistæðu í þeim tilgangi að nýta eigi fjármunina til endurnýjunar á fjárfrekum tækjabúnaði í verknámi, auk þess sem stefnt var að því að setja fjármuni í nýjan stofnanasamning við KÍ, sem ekki hafði tekist að ganga frá á árinu 2019. Aðhaldi í eignakaupum var þó haldið áfram út árið 2019 og því voru ónýttar fjárfestingarheimildir að fjárhæð rúmlega 9 milljónum færðar yfir til ársins 2020.

Í lok árs 2019 var innistæða FVA á viðskiptareikningi við Ríkissjóð skert umtalsvert eða um 155 millj. kr. vegna ákvörðunar fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í desember 2019 voru 56,8 millj. kr af ónýttum fjárheimildum ársins færðar í varasjóð hjá MRN.

F) Samstarf við aðra

Skólinn hefur verið í svonefndu þrískólasamstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands og Fjölbrotaskóla Suðurnesja um ýmis sameiginleg mál. Skólinn á margvíslegt samstarf við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, t.d. varðandi innritun, félagslíf í skólanum, mat á námi úr Tónlistarskólanum á Akranesi o.fl.

Einnig var haft samstarf við grunnskóla á Vesturlandi um kynningu á námi í FVA, bæði bóknámi, iðnnámi og á afrekssviði í íþróttum. Haldin var árleg stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesturlandi 29. mars 2019 í FVA til að vekja áhuga nemenda á stærðfræði. Fyrirtæki á svæðinu styrktu keppnina með framlögum sem notuð eru í verðlaunafé.

Samstarf við Akraneskaupstað er gott. M.a. veitir bærinn afrekssstyrk á hverju ári til nemenda sem skara fram úr við brautskráningu. Þá greiðir bærinn 25% starfshlutfall gæðhjúkrunarfræðings í skólanum. Einnig er gjöfult samstarf við Heilsugæslu Vesturlands um nám og kennslu á sjúkraliðabraut.

Skólinn tók þátt í tveimur Nordplus-verkefnum 2019. Education Lighthouse snýst um þróun skóla og menntunar í samstarfslöndunum þremur: Íslandi, Finnlandi og Litháen. Á vorönn 2019 komu kennarar frá Litháen og Finnlandi á undirbúningsfund í FVA fyrir verkefnið. Tveir kennarar og 15 nemendur fóru til Finnlands í nóvember 2019 og áætlað var að hingað kæmu kennarar og nemendur frá Finnlandi og Litháen í lok mars 2020. Sú heimsókn féll niður en kemst vonandi á síðar á árinu 2020. Nordic Nature Experience snýr að útivist og túlkun náttúru í listum í Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Átta nemendur fóru ásamt tveimur kennurum til Finnlands í febrúar 2019. Áætlað er að kennarar og nemendur fari til Svíþjóðar haustið 2020 en þeirri ferð verður sennilega frestað. Fjöldi nemenda í ferðum er áætlaður 10 frá hverju landi. Loks átti umhverfisverkefnið Schools for a Green Future að hefjast á haustönn 2019 en flensufaraldur setti strik í reikninginn. Fyrsti fundur samstarfsaðila var í janúar.

Í október 2019 var haldið íbúáþing í FVA undir yfirskriftinni „Lærdómssamfélagið Akranes“. Viðfangsefni þingsins voru mennta- og frístundamál og hvað felst í því að búa í lærdómssamfélagi.

Skólinn var og er þátttakandi í samráðsvettvangi og verkefnastjórn vegna tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi. Stærsta verkefnið er svokölluð Tæknimessa sem haldin er í FVA á tveggja ára fresti, fyrst á árinu 2016. Þar er námsframboð í iðngreinum á Vesturlandi kynnt ásamt atvinnutækifærum hjá iðn- og tæknifyrirtækjum í landshlutanum. Messan var haldin öðru sinni þann 10. október 2019 og mættu rúmlega 700 manns frá grunnskólum á Vesturlandi.

Í febrúar var haldinn þjóðfundur í FVA með starfsmönnum og nemendum. Unnið var með gildi skólans og merkingu þeirra fyrir skólastarfið.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Starfsþróun og þróun á kennsluháttum er alltaf í gangi til eflingar kennslu og var á haustönn 2019 unnið þróunarverkefni um notkun kennsluforrita sem síðar var kynnt á kennarafundi.

G) Prófíll FVA

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Fjölbrautaskóli Vesturlands er með um 480 nemendur og um 70 starfsmenn í alls um 55 stöðugildum (meðaltal alls ársins). Skólinn starfar í um 7.330 m² húsnæði auk rúmlega 1.250 m² heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2019 eru 449. Á árinu 2019 skilaði skólinn 444 ársnemendum.

Námsframboð:

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Í dagskóla á vorönn 2019 voru 82% nemenda í og um 18% í dreifnámi. Af skráðum einingum eru 84,5% í dagskóla og 15,5% í dreifnámi. Á haustönn 2019 voru 84% nemenda í dagskóla og 16% í dreifnámi. Hlutfall skráðra eininga á haustönn 2019 var 87,7% í dagskóla og 12,3% í dreifnámi*. Sjá skiptingu nemenda eftir brautum í tölfu á bls. 6 og 7 í þessari ársskýrslu.

(*Nemendur í dreifnámi taka hlutfallslega færri einingar á önn heldur en nemendur í dagskóla. Það er eðlilegt m.t.t. þess að nemendur í dreifnámi taka námið samhliða vinnu.)

Framkvæmd markmiða:

Fjöldi markmiða var settur fram til þriggja ára í [ársskýrslu 2017](#). Nokkrum markmiðum hefur þegar verið náð, sbr. aukinn stuðningur við nemendur með annað móðurmál og uppsetning aðstöðu („Verið“) þar sem nemendur geta sótt sér viðbótarstuðning í náminu. Sjá nánar um markmið og mælikvarða á bls. 11-13.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu sem skilað er til ráðuneytisins, síðast í október 2019. [Skýrslur um Innra mat](#) eru aðgengilegar á vef skólans. Endurskoðun á kerfinu var sett á framkvæmdaáætlun 2019. Markmiðið var að efla lýðræðisleg vinnubrögð með því að stækka þann hóp sem kemur að innra mati og auka samtál skólastjórnenda og fulltrúa starfsmanna og nemenda til að greina umbótatækifæri. Nýtt verklag nýttist að hluta við framkvæmd innra mats að vori 2020 en endurskoðun lýkur á haustönn 2020.

Úttektir:

[Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi sem Menntamálastofnun fól Gát sf. annast árið 2017](#). Niðurstaðan er aðgengileg á vef FVA.

Rekstrarstaða, afkoma:

Rekstur skólans gekk vel á árinu 2019 og var rekstrarniðurstaða ársins jákvæð um 11 millj. kr. samanborið við 113,2 millj. kr. á árinu 2018.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Brottfall:

Brottfall (% eininga) á vorönn 2019 var 4,5% eininga en 6,4% eininga á haustönn.

V-2015	H-2015	V-2016	H-2016	V-2017	H-2017	V-2018	H-2018	V-2019	H-2019
3%	4%	2,70%	2,50%	2,80%	4,50%	2%	3,40%	4,50%	6,40%

Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, ásamt aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, gæðastjóra og níu deildarstjóra.

Samvinna við aðra:

FVA á samvinnu við skóla, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og víðar, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og stofnanir. Skólinn á einnig samstarf við skóla erlendis.

Sérstakar áherslur / sérsvið FVA

FVA er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli sem þjónar nemendum úr nágrannasveitarfélögum á Vesturlandi. Í verknámi er hægt að leggja stund á málmíðngreinar (vélvirkjun), húsasmíði og rafvirkjun í dagskóla. Þá er í boði vinsælt dreif- og helgarnám í málmíðngreinum, húsasmíði og á sjúkraliðabraut. Við skólann er starfrækt heimavist með plássí fyrir 30-60 nemendur og öflug starfsbraut.

Sérstaða FVA felst m.a. í afreksíþróttasviði í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu, sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf á svæðinu, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur.

Akranesi, 22. maí 2020

Steinunn Inga Óttarsdóttir
skólameistari

Þorbjörg Ragnarsdóttir
aðstoðarskólameistari